

## **Fundargerð stjórnar Félags kvenna í atvinnulífinu (FKA)**

**Staður:** Hús atvinnulífsins, fundarherbergið Kjarni á 1. hæð

**Dagsetning:** 27. ágúst 2019

**Tími:** 11:30 til 13:30

**Mættar** voru stjórnarkonurnar:

Áslaug Gunnlaugsdóttir (ÁG), Hulda Ragnheiður Árnadóttir (HRÁ), Lilja Bjarnadóttir (LB), Ragnheiður Aradóttir (RA), Sigríður Hrund Pétursdóttir (SHP) á fjarfundi. Þá var framkvæmdastjóri félagsins, Hrafnhildur Hafsteinsdóttir (HH) viðstödd fundinn. Margrét Jónsdóttir Njarðvík (MJN) var fjarverandi.

**Dagskrá** fundarins var sem hér segir:

1. Dagskrá stjórnarfundar
2. Skýrsla framkvæmdastjóra
  - mælaborð og rekstraráætlun
  - markaðsmál
  - viðburðir og vetrarstarf
  - innheimta félagsgjalda
3. Starfsreglur stjórnar
4. Hádegisfundir með félagskonum, fyrirkomulag og framkvæmd
5. Rekstraráætlun
6. Stefnumótunarfundur – umræður varðandi spurningalista
7. Önnur mál
  - 7.1 erindi frá Guðrúnu Ragnarsdóttur og Rakel sveinsdóttur
  - 7.2 erindi frá formanni Borgarráðs

Formaður stjórnar, Hulda Ragnheiður, setti fundinn og bauð fundarkonur velkomnar. Engar athugasemdir bárust frá stjórnarkonum varðandi boðun fundarins, afhendingu fundargagna eða annað. Ritun fundargerðar var í höndum SHP.

---

### **1. Dagskrá stjórnarfundar**

Hulda Ragnheiður fór yfir dagskrá fundarins.

### **2. Skýrsla framkvæmdastjóra**

HH fór yfir mælaborð framkvæmdastjóra og fór yfir rekstraráætlun 2019.

- mælaborð og rekstraráætlun
- markaðsmál
- viðburðir og vetrarstarf
- innheimta félagsgjalda

### **3. Starfsreglur stjórnar**

Farið var yfir starfsreglur stjórnar og þær samþykktar. Samþykktar starfsreglur verða birtar á heimasíðu FKA.

### **4. Hádegisfundir með félagskonum, fyrirkomulag og framkvæmd**

Auglýsa í hópi félagskvenna eftir þátttöku. Komnar eru dagsetningar og fastur veitingastaður fyrir fyrstu tvö skiptin.

## 5. Rekstraráætlun

LB fór yfir rekstraráætlun 2019-20.

## 6. Stefnumótunarfundur

Farið var yfir spurningalistann fyrir stefnumótunarfundinn. Ákveðið var að halda vinnufund til að stilla upp spurningalista til að senda út til félagskvenna.

## 7. Önnur mál

### a. Erindi frá Guðrúnu Ragnarsdóttur og Rakel Sveinsdóttur

b. Fyrir liggur beiðni Guðrúnar og Rakelar sem barst með tölvupósti frá 12. ágúst sl. um að bæta inn bókun frá þeim í fundargerð frá 14. maí 2019, vegna starfsreglna sem voru til meðferðar á síðasta starfsári. Stjórn felur formanni að leita álits hjá Helgu Harðardóttur, sérfræðingi í góðum stjórnarháttum um hvort það samræmist góðum stjórnarháttum að setja inn eftir á bókanir svo löngu eftir fundinn. Málið verður tekið fyrir aftur á næsta fundi stjórnar

### c. Erindi frá formanni Borgarráðs

Þórdís Lóa Þórhallsdóttir formaður Borgarráðs boðar FKA til samræðna og samstarfs vegna atvinnuuppbyggingar í miðborg Reykjavíkur. Auglýsa eftir félagskonum sem vilja taka þátt.

### d. Breytingar

HRÁ fór yfir væntanlegar breytingar í starfseminni.

Fundi sliti kl. 13:30.

Fundargerð þessi var samþykkt af stjórnarkonum